


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD



Þú tekur á því



Hollur & bragðgóður
heilsubiti

Hvað koma nöfn íþróttamanna **Arons Pálmarssonar** og **Alfreðs Finnbogasonar** oft fyrir í þessu fyrsta tölublaði ársins?



HAFLIÐI

Fyrstu sex: 281176.
Uppáhaldsíþróttamaður ársins: Aron Pálmarsson.
Uppáhaldsknattspyrnumaður: Jón Ragnar Jónsson.
Á árinu 2013 mun... Íslenska landsliðið tryggja sér sæti á HM í Brasilíu eftir sigur á Noregi í Osló.

Á MYNDINI ER MYND AF ÍÞRÓTTAMANNI ÁRSINS

Kollur á hvolfi

Sparkspekingurinn **Hafliði Breiðfjörð** ákvað að skella sér í smíðagallann og útbúa eigin stytta sem hæglega gæti verið verðlaunagripur íþróttamanns ársins.

„Ég var að horfa á íþróttamann ársins á laugardaginn og það hafa allir talað um það þegar þeir sjá þessa skemmtilegu verðlaunaafhendingu hvað gripurinn er búinn að vera ljótur undanfarin ár,“ segir Hafliði Breiðfjörð, stofnandi og framkvæmdastjóri knattspyrnuvefsins fotbolti.net, en á dögnum bjó hann til heimatilbúna stytta sem líkist verðlaunagripnum sem íþróttamaður ársins fær afhentan. „Ég fór að hugsa hvort ekki mætti rífa þennan stillans af gripnum. Þá áttaði ég mig á því að þetta er bara kollur á hvolfi og í miðjunni er bara drullusokkur,“ segir Hafliði sem hafði svo hraðar hendur daginn eftir og dreif sig í IKEA til að kaupa koll og smeltti sér þar á eftir í BYKO til að ná sér í drullusokk og álpappír. „Ég vaknaði snemma til að mæta í IKEA fyrir örtröðina og fann þennan fína trékoll. Smíðin í heildina tók ekki nema um þrjá tíma með verslunarferðunum,“ segir Hafliði og hlær við. „Ég var líka að reyna að skapa umræðu um það hvað gripurinn er ljótur. Það þarf bara að fara að skipta honum út aftur, so sorry.“

Hafliði segir Aron Pálmarsson vera vel að verðlaunum kominn enda hafi hann átt magnað ár á handboltavellinum. En hvað finnst honum um árangur knattspyrnumanna í valinu, þeirra Gylfa Sigurðssonar sem lenti í 4. sæti og Alfreðs Finnbogasonar sem lenti í því 7.? „Ég held að þeir hljóti nú að vera sáttir með sitt. Þeir áttu fyrri og seinni part,“ segir Hafliði en Gylfi þótti standa sig afar vel með Swansea í ensku úrvalsdeildinni á vormánuðum en Alfreð raðaði inn mörkunum í Svíþjóð og Hollandi í sumar og í haust. Í upphafi nýs árs er upplagt að spyrja hvað hafi staðið upp úr á nýliðnu ári og er Hafliði fljótur að svara þeirri spurning: „Gríðarlegir yfirburðir FH-liðsins á Íslandsmótinu,“ segir FH-ingurinn Hafliði. Aðspurður um það hvað hann hyggist gera við styttuna góðu segist hann vera óviss um afdrif hennar. „Ég auglýsi eftir hugmyndum um hvað gera má við styttuna,“ segir Hafliði en bætir við: „Kannski ég selji hana á uppboði eða ég noti hana fyrir „ekki íþróttamann ársins.“

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

Í JANÚAR

Það er alþekkt að í janúar eigi sér stað hreyfingaræði hér á landi enda allir ólmir í að hlaupa af sér jólasteikina, allt konfektíð og hvaðeina. Janúar á það líka til að vera almennt dökkur og daufur mánuður og því hvetur Monitor lesendur sína einfaldlega til að taka þátt í hreyfingaræðinu. Skammdegið verður léttara ef þú færð útrás á hlaupabretti eða í badmintoninu með vinunum.



Í LEIKHÚSI

Borgarleikhúsið frumsýndi hið sígilda verk Mýs og menn á dögnum með þá Ólaf Darra Ólafsson og Hilmar Guðjónsson. Óhætt er að mæla með sýningunni enda er þarna á ferðinni gullfalleg saga sem vel er komið til skila. Stærsta hrósið fær Ólafur Darri, sem er að öðrum ólöstuðum stjarna sýningarinnar, án vafa.



UTANDYRA

Undanfarnir dagar hafa einkennt af snjó og rigningu til skiptis, með öðrum orðum af slabbi. Í slíku veðurfari myndast gjarnan lúmsk háлка og stórhættulegar aðstæður fyrir gangandi vegfarendur og bílstjóra. Monitor vill því nýta tækifærið og brýna fyrir lesendum að fara varlega í hálkunni og gæta hver annars.




Vikan á facebook



Samúel Jón Samúelsson fyndnasta at-riðið var þegar sýnt var úr þætti sem sýnir úr gömlum þáttum sem stundum sýndi úr gömlum þáttum úr safni Ríkissjónvarpsins. Vonandi kemur nýtt vor í dagskrárgerð með hækkandi sól.

2. janúar kl. 14:16



Margrét Erla Maack Skaupið: Mér finnst bara að Siggí Sigurjóns eigi alltaf að leika Dorrit.

2. janúar kl. 12:10



Brynjar Már Maganda ka (þú ert falleg) og mahil kita (ég elska þig) eru fyrstu orðin sem að ég og Anna Christine Aclipen erum að læra í Filipísku... Þau nýtast líka einstaklega vel þar sem að ég á yndislegustu og fallegustu konu í heimi!)

1. janúar kl. 20:45



Atli Fannar Bjarkason Gott að fá svona íþróttamanna- og hetjukjör í lok árs. Það er nefnilega ekki búið að rífast nóg á netinu í ár.

29. desember kl. 21:18

FEITAST Í BLAÐINU

4 Aron, Björn, Óli og Stebbi eru bæði góðir íþróttamenn og bestu vinir.




6 Sigríður Hugljúf Blöndal fór til Rússlands og dvaldi þar í heila 12 mánuði.



8 Alfreð Finnbogason bætti á síðasta ári markamet Péturs Péturssonar.



14 Frank Ocean og fleiri góðir koma fyrir í upprifjunarpístli Freys Ámasonar.



Efst í huga Monitor

Stærsta áramótabomban?

Stærsta áramótabomban í heimi frá þessum árið var án efa tilkynning stjórnuparsins Kimye um væntanlegan erfingja. Líkt og fram hefur komið tilkynnti rapparinn Kanye West um óléttuna á miðjum tónleikum þar sem hann stöðvaði tónlistina í miðju lagi og bað áhorfendaskarann að gefa „verðandi barnsmóður“ sinni gott klapp.

Ef til vill muna margir lesendur Monitor eftir svipaðri tilkynningu sem átti sér stað á MTV Video Music Awards í ágúst 2011 þegar söngkonan Beyoncé tilkynnti um komu barns hennar og Jay-Z í heiminn, sem síðan fæddist 7. janúar síðastliðinn og fékk nafnið Blue Ivy. Viðbrögðin létu ekki á sér standa eftir tilkynningu Beyoncé á sínum tíma en til marks um það má benda á að sérstakt met var slegið á Twitter yfir flest tíst á sekúndu vegna einhvers eins atburðar. Tístarar sátu heldur ekki á sér eftir tilkynningu Kanye á dögnum. Monitor tilnefndi eftirfarandi tíst sem það hnyttasta, úr hópi margra góðra. Rithöfundurinn Kaleb Nation skrifar: „Yo

Kanye I'm real happy for you, but Beyonce had the best baby announcement of all time.“



Vegna vinatengsla Jay-Z og Kanye hafa ýmsir dægurmálaspekúlarar vestanhafs strax byrjað að grínast með ýmislegt tengt Blue Ivy, dóttur Beyoncé og Jay-Z, og erfingja Kimye-parsins. Má til dæmis finna grínþæði á netinu um ástarsamband þeirra í framtíðinni og að það falli í hlut þeirra að gefa út plötuna Watch the Throne II, sem væri þá framhald af samstarfsplötu Jay-Z og Kanye West sem fór sigurför um heiminn. Aðrir grípnennar eru þó svartýnni og erfingja Kimye nú þegar dæmdan til glötunar, enda foreldrarinn vægast sagt litríkir.

Hvað sem því líður þá óskar áhófn Monitorskúttunnar og bíður spennit eftir frekari fregnum um erfingjann.

Nýárskveður,
Monitor-skútan

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir
Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Kristinn Ingvarsson (kristinn@mbl.is)
Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

Vinahópur ársins

Hafnirfirðingarnir **Aron Pálmarsson, Björn Daníel Sverrisson, Ólafur Gústafsson og Stefán Rafn Sigurmannsson** eru ekki bara góðir í íþróttum heldur eru þeir líka bestu vinir.

ÓLI GÚST

Fyrstu sex: 270389.
Félag: SG Flensburg-Handewitt.
Hjúskaparstaða: Á lausu.

STEFÁN RAFN

Fyrstu sex: 190590.
Félag: Rhein Neckar Löwen.
Hjúskaparstaða: Einn á báti.

BJÖRN DANÍEL

Fyrstu sex: 290590.
Félag: FH.
Hjúskaparstaða: Á lausu.

ARON PÁLMASSON

Fyrstu sex: 190790.
Félag: Kiel.
Hjúskaparstaða: Á föstu með Ritu Stevens.

Á dögnum var Aron Pálmarsson valinn íþróttamaður ársins og var þar verðlaunaður fyrir vasklega framgöngu sína á handboltavellinum á árinu 2012. Ólafur Gústafsson og Stefán Rafn Sigurmannsson yfirgáfu Hafnarfjarðarliðin FH og Hauka í handboltnum og héldu út í atvinnumennsku til Þýskalands þar sem Ólafur spilar með Flensburg og Stefán Rafn með Rhein Neckar Löwen. Björn Daníel Sverrisson stóð sig einnig vel í sumar sem einn af lykilmönnum Íslandsmeistaraliðs FH í knattspyrnu. Þessir fjórir þeyjar eru allir mjög góðir vinir og fá því þann heiður að vera vinahópur ársins 2012.

Hvað hafð þið verið vinir lengi?

- 👉 Strákarnir hafa verið vinir síðan í byrjun grunnskóla.
- 👈 Við vorum saman í 2. og 3. bekk í Öldutúnsskóla í Hafnarfirði.
- 👉 Ég kynntist þeim í gegnum handboltann. Ég kom inn í Flensburg og átti ekki marga góða vini.
- 👈 Við Bjóssi vorum alltaf með Óla í handboltnum en kynntumst honum ekkert af neinu viti fyrr en við vorum komnir í Flensburg.
- 👉 Okkur fannst mjög nett þegar Óli var í viðtali í skóla-bláði þar sem hann sagði að sleikur væri lífið.
- 👈 Við byrjuðum að hanga með honum því hann var með bílpróf (hlæja).

Gátuð þið þrír (A,B,S) látið ykkur dreyma saman um frama í íþróttunum en þú, Óli, varst þú þá bara einn með sjálfum þér að hugsa um framtíðina?

- 👉 Ég var í Lækjarskóla og í unglingadeild, þá var ég örugglega sá eini sem æfði íþróttir yfirhöfuð, svo ég var vonarstjarna Lækjarskóla á tímabili (hlær).

- 👈 Við tókum hann svo að okkur.
- 👈 Við gerðum hann að því sem hann er í dag.

Nú eruð þið (A,Ó,S) orðnir ríkir og frægir. Er Birni Daníel mikið strítt núna af því að hann er ekki farinn í atvinnumennsku erlendis?

- 👉 Við reynum alltaf að velja dýrasta staðinn þegar við förum að borða en svo dregur Bjóssi alltaf í land og spyr hvort við getum ekki farið á Saffran eða Serrano.
- 👈 Svo sleppi ég auðvitað að taka veskið með því ég veit að einhver af þeim mun splæsa.

Tapas-barinn er í miklu uppáhaldi hjá ykkur, ekki satt?

- 👈 Það er okkar annað heimili. En við erum ekki búnir að fara núna síðan þeir komu heim en ætli það sé ekki bara vegna þess að þeir eru að ákveða hver eigi að blæða.
- 👈 Ætli það verði ekki bara slagsmál þegar það er ákveðið.

Var Bjóssi góður í handbolta?

- 👈 Já, hann var mjög góður og væri eflaust kominn til Þýskalands ef hann hefði haldið áfram.
- 👉 Hann er í miklu bandi við Melsungen því þeir vildu alltaf fá hann á reynslu til sín.
- 👈 16, 17 ára var þetta mikið í umræðunni en þá fór ég á reynslu til Everton í fótboltnum og það var ekkert aftur snúið eftir það.

Gátuð þið hinir eitthvað í fótbolta?

- 👈 Aron var mjög góður í fótbolta. Hann tók líka eitt ár í markinu og var mjög góður. Stebbi fór líka með okkur á Esso-mótið einu sinni og hann var í D-liðinu en við Aron vorum í A-liðinu. Þá var Stebbi svo stór og það var eins og hann væri í skólafótbolta því hann var svo góður þar.

- 👉 Ég toppaði á Gothia-Cup og ákvað svo að leggja takkaskóna á hilluna.

- 👈 Og þá byrjaði hann að sprejja.
- 👉 Já, og tag-nafnið mitt var Cronic. Ég var orðinn vel metinn í þessum heimi og minn helsti áhrifavaldur var Jeff sem var mjög framarlega á þessum tíma.
- 👈 Hann var kallaður Óli bomba á tímabili.
- 👈 Og það átti vel við því hann bombaði svo mikið á handboltavellinum líka.

Hvernig er draumkvöldið hjá vinahópnum?

- 👉 Ég held að það væri kósý-kvöld á Blómvöllum.
- 👈 Blómvöllir, Domino's Supreme mínus jalapeno og FIFA.
- 👈 Sófinn dreginn alveg út og kannski hristir einn, tveir prótein-sjeikar.
- 👈 Svo er auðvitað fimmti meðlimur vinahópsins með okkur en það er auðvitað lífvörðurinn/leigumorðinginn, hinn vatnsgreiddi Andri Geir Gunnarsson.

Hvað stendur upp úr á árinu sem nú er liðið?

- 👉 Ég held það sé árangurinn hjá hverjum og einum. Björn varð Íslandsmeistari, ég og Stebbi náðum okkar markmiðum að komast út í atvinnumennsku og Aron toppaði sig enn og aftur.

Hvað tekur við árið 2013?

- 👈 Hjá Óla og Stebba tekur auðvitað bara við peningaeyðsla.
- 👉 Svo þarf að koma Birni út í mennskuna.
- 👈 Svo er vonandi að við handboltamennirnir förum saman á HM í handboltnum núna eftir nokkra daga. Það er spennandi verkefni.

Nýtt!



Nicorette® QuickMist munnholsúði

HVISS!

- og reykingalöngunin minnkar

Nicorette® QuickMist munnholsúðinn er nýjasta níkótínlyfið frá Nicorette og virkar á 60 sekúndum



Nicorette® QuickMist

- Úðist í munn við reykingapörf
- 1 mg níkótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur 150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

nicorette auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette® QuickMist munnholsúði er níkótínlyf (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fánlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á níkótíníkn, til að draga úr fráhrarfeinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reyktt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á kist, en ekki fleiri en 2 úða við hverja skómmtn. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir níkótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lífrarstarfsemi, alvarlegan nyrnasjúkdóm, sykursýki, óvirkan skjaldkirtill, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þunguðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reyktt eiga ekki að nota lyfið. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.


nicorette
nicotin

HERBERGISFÉLAGAR
Á GÓÐRI STUND

EVS VERKEFNI

Í nóvemberlok og desemberbyrjun tók Monitor viðtöl við ungmenni sem hafa látið drauminn verða að veruleika og farið í sjálfböðastarf með Alþjóðlegum ungmennaskiptum (AUS) til framandi landa utan Evrópu, bæði löng og stutt verkefni. Það sem fæstir vita þó af er að ungmenni á aldrinum 18-30 stendur einnig til boða að fara nánast FRÍTT í sjálfböðastarf innan Evrópu í svokölluð EVS-verkefni.

EVS (European voluntary service) er styrkt af ungmennaáætlun ESB og styrkir Evrópa unga fólksins töluvert af verkefnum innan sem utan Íslands. Ungmenni sem komast í EVS-verkefni þurfa lítið sem ekkert að greiða fyrir þessa upplifun. Verkefnið greiðir 90% af ferðakostnaði og frítt húsnæði, matur, slysa- og sjúkratrygging og vasapeningur er líka innifalinn.

SYNT Í VOLGU Á
MEÐAN SÓLIN SEST

Rússar elska majónes

Sigríður Hugljúf Blöndal var á leið í skóla en plön hennar breyttust heldur betur því hún endaði á því að fara til Rússlands í 12 mánaða **EVS-sjálfböðastarf** og getur í dag talað rússnesku.

Hvað varð til þess að þú ákvaðst að sækja um að gerast EVS-sjálfböðaliði?

Það var í rauninni ekki á döfinni hjá mér að gerast sjálfböðaliði og var ég ekkert á leið til útlanda þar sem ég var á leið í skóla og búin að borga skólagjöldin. Ég var að vafra á netinu og sá að AUS var að auglýsa frítt EVS-verkefni til Rússlands. Rússland var land sem ég hafði aldrei almennilega þælt í en var einhvern veginn bara alltaf þarna fyrir mér. Þar sem mig hafði alltaf langað að ferðast um erlendis og prófa sjálfböðastarf ákvað ég að gamni mínu að sækja um. Ég hafði engu að tapa og gat varla látið slíkt tækifæri framhjá mér fara þar sem ég þurfti ekki að greiða fyrir þetta. Þar sem þetta var frítt bjóst ég við að samkeppnin yrði mikil og aldrei í veröldinni myndi ég vera valin. Ég sótti um, en sagði ekki neinum frá. Þetta var greinilega ætlað mér þar sem AUS leist svo vel á umsókn mína og ég allt í einu að flytja til Rússlands.

Hvað varst þú að gera í Rússlandi?

Ég var sjálfböðaliði á spítala fyrir uppgjafahermenn í borginni Samara sem er í Suðaustur-Rússlandi. Þar hugaði ég að hermönnum sem höfðu orðið fyrir slysum af ýmsum toga og áföllum. Ég bjó í lítilli íbúð með þremur öðrum sjálfböðaliðum sem voru frá Finnlandi, Danmörku og Lettlandi. Að koma úr mömmu-húsi í fyrsta skiptið og búa í ókunnugu landi með þremur stúlkum með ólíkar venjur var stór partur af upplifuninni og lærdómnum sem ég tek með mér frá tíma mínum í Rússlandi. Ég get ekki sagt að alltaf hafi gengið vel að búa með stúlkunum en við vorum samt sem áður eins og lítill fjölskylda ég var aldrei einmana. Ég lærði einnig rússnesku og ferðaðist töluvert um Rússland með vinkunum í fríum.

Hvernig fannst þér rússneskur matur?

Rússar setja majónes út á allt, súpur, salöt, pítsur, á allt sem þeim dettur í hug. Maturinn einkennist mikið af hvítum kolvetnum og lítið er um krydd, nema þá salt og pipar. Mér er minnststæðast þegar rússnesk kona bauð mér í niðurstappað svínakjöt í hlaupi (jello) sem er ekki óvinsælt þar úti en svo er borðuð hrein fita sem innfæddir þamba niður með vodka, sjálfsagt eins og hákarlinn og brennivínið okkar.

Hvað flaug í gegnum kollinn þegar þú lentir í Rússlandi?

Ég get alveg viðurkennt það að ég var smásmeyk fyrst um sinn. Strákur sem síðar varð vinur minn tók á móti mér með skilti og skutlaði mér á bíl sem varla hélt saman með rússneskri transtónlist í botni brunandi fram hjá gömlum, stórum, gráum sovétbyggingum en í dag er þetta ein af mínum dýrmætustu minningum.

Upplifðir þú mikinn menningarmismun?

Það var rosa gaman að upplifa ólíka menningu. Sú stereótýpa sem ég hafði af rússneskum konum og körlum reyndist vera nokkuð rétt hjá mér. Konur ganga um í loðfeldum og stuttum pilsnum í -30° frosti og háum hælum sem ætti að vera ómögulegt að ganga í og karlar með loðhúfu, drekkandi vodka út á götu að narta í heilan, þurrkaðan fisk. Jafnrétti karla og kvenna er ekki eins og tíðkast hér heima og eru konur lægri settar sem mér fannst um tíma fara frekar í taugarnar mínar. Samgöngur og umhirða borgarinnar sem ég var í er allt önnur en ég hafði vanist hér á Íslandi. Ekki var mikið hugað að byggingum og umhverfinu, borgin því frekar skítug og illa hirt ef svo má að orði komast. Vegirnir voru holóttir og lítill sem engin regla í umferðinni.

Mælir þú með sjálfböðastarfi sem þessu?

Alveg hiklaust. Þetta var sú skemmtilegasta og besta ákvörðun sem ég hefði tekið, ég sé ekki eftir neinu. Ég tel að það sé mun lærdómsríkara að fara út í heim og upplifa heldur en að sitja sem fastast á skólabeck. Hversu töff er það að koma heim eftir ár í framandi landi og getað talað rússnesku?

ÚTSÝNIÐ Í LESTA-
STÖÐ Í SAMARAANDYRIÐ Á
SPÍTALANUMADALBÍLAMERKID
Í RÚSSLANDI

PARTÍ TÆM

A portrait of Alfred Finnbogason, a young man with short, light brown hair and blue eyes. He is wearing a white collared shirt under a blue blazer with a patterned pocket square. He is looking slightly to the left of the camera with a neutral expression.

Það fíla þig allir ef þú skorar mörk

Alfreð Finnbogason var sjóðheitur á nýafstöðnu ári og raðaði inn mörkum í sænsku og hollensku úrvalsdeildinni í fótbolta.

Monitor handsamaði kappann og ræddi við hann meintan einmanaleika atvinnumanns í fótbolta, hárgreiðslur fótboltamanna og um drauminn um að eignast lítinn bróður.

Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Ég bý náttúrliga í bænum Heerenveen en síðasta borg fyrir utan heimastað sem ég kom til var Düsseldorf. Ég fór þangað í frí með vini mínum.



Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Ég fékk mér pítsu þar rétt fyrir jólin.



Síðasti hlutur sem ég keypti mér: Það var líklega jólagjöfin handa mómmu. Ég gaf henni veski, hún var mjög ánægð með það.



Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Christmas Vacation. Ég horfði á hana með systur mínum fyrir jólin.



Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann: Það var nú bara við fjölskylduna um jólin.



Aron Einar Gunnarsson og Grétar Rafn Steinsson. Ert þú með tattú?

Nei, ekki neitt. Það stendur heldur ekki til, nema kannski ef það myndi eitthvað ótrúlega eftirminnilegt gerast. Annars er ég ekki hrifinn af þessu, þetta er ekki minn stíll.

Það hefur kannski verið jákvæðari umræða í kringum karlalandsliðið í fótbolta að undanförmu samanborið við síðustu 3-4 árin. Hvernig líst þér á stöðu landsliðsins og þína eigin stöðu innan þess?

Ég er búinn að byrja inná í síðustu tveimur landsleikjum þannig að ég get ekki annað en verið sáttur við mína stöðu þessa dagana, þó svo að áður myndist mér alltaf auðvelt að líta framhjá mér en ég svaraði því á fótboltavellinum. Hvað stöðu landsliðsins varðar þá var það að fá þjálfara inn í dæmið með reynslu af erlendri knattspyrnu einmitt það sem við þurftum. Hann er skipulagður og það hefur sést að lið eins og Grikkland varð Evrópumeistari með því að vera skipulagt þannig að það er ansi mikilvægt. Við höfum alltaf átt duglega fótboltamenn og núna er að koma upp hellingur af mjög flinkum leikmönnum líka svo ég held að framtíðin sé mjög björt.

Eru persónuleg kynni þín af landsliðsþjálfaranum, Lars Lagerbäck, mikil? Eruð þið vinir á Facebook?

Ég hef náttúrulega bara kynnst honum í kringum landsliðið. Hann er mjög rólegur og yfirvegaður maður en laumar samt nokkrum aulabröndurum að af og til. Ég veit ekki til þess að hann sé með Facebook, ég er að minnsta kosti ekki búinn að fá vinabeiðni né poke frá honum ennþá.

Ég veit að fyrir landsleiki hérna heima þá fáir þið rakara eða hárgreiðslumann upp á hótelið sem þið gistið á. Fara fótboltamenn í klippingu fyrir hvern einasta leik?

Það er náttúrulega alltaf spennandi að koma heim í landsleiki og menn vilja lúcka á vellinum þegar þeir spila fyrir hönd íslensku þjóðarinnar. Sumir fótboltamenn fylgja þeirri hugsun að ef maður lítur vel út, þá spilar hann vel. Ég er kannski ekki alveg fylgjandi því en það eru nokkrir þannig í landsliðinu, þó svo að ég ætli ekki að fara að nefna nein nöfn. Þetta er sem sagt aðallega tengt landsleikjum, ég fer ekki í klippingu fyrir hvern einasta leik með Heerenveen.

Að lokum má nefna að það er strax farið að bendla þig við flott lið á Englandi og Ítalíu. Hvernig horfir þú við þér?

Það er alveg sama hvar þú spilar, ef þú stendur þig vel þá ertu alltaf orðaður við einhver stærri lið. Akkúrat núna er ég bara einbeittur að því að halda mínu striki með Heerenveen og klára þetta tímabil með félaginu. Eftir það hefði ég alveg áhuga á að skoða eitthvað ef það byðist en það yrði að vera vel ígrunduð ákvörðun. Ég veit hvernig það er að skipta um lið og enda á að fá ekkert að spila og það er eitthvað sem ég ætla mér að sjálfsögðu ekki að lenda í aftur.

|| Völlurinn var reyndar í garðinum mínum og þar giltu auðvitað mínar reglur og ef menn gátu ekki fylgt þeim þá fengu þeir bara umsvifalaust rauða spjaldið, sem ég var búinn að útbúa sjálfur, og voru vinsamlegast beðnir um að fara heim.

SMÁA LETRIÐ**KVIKMYNDIR**

Myndin sem ég get horft á aftur og aftur: Happy Gilmore.

Myndin sem ég felli tár yfir: Lion King.

Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir: The Hangover.

Uppáhaldsmyndin mín í æsku: Cool Runnings.

Versta mynd sem ég hef séð: Crouching Tiger, Hidden Dragon. Ég labbaði út af henni í bíó.

**TÓNLIST**

Lagið í upphaldi þessa stundina: Það er Beneath You're Beautiful með Labrinth.

Lagið sem ég hlusta á til að gíra mig upp fyrir helgina: Give Me Everything með Pitbull.

Lagið sem ég fíla í laumi: Allt með Celine Dion.

Lagið sem ég syng í karóki: Ég myndi syngja Don't Stop Believin'.

Nostalgiulagið: You Gotta Be með Des'ree.

**FORM OG FÆÐI:**

Uppáhaldsmatur: Humar.

Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á: Kjúklingur og pasta.

Versti matur sem ég hef smakkað: Það var einhver belgiskur þjóðarréttur, eitthvert lint kjöt sem var ekki gott.

Stoltasta augnablikið á íþróttuferlinum mínum: Að spila fyrir íslenska landsliðið.

SAMSUNG

SÍMI ÁRSINS
2012
Samsung
GALAXY S III

Við óskum ykkur
gleðilegra
Samsung jóla og
farsældar á
komandi ári.

Þökkum frábærar
viðtökur á árinu
sem er að líða.

ALLT ÞAÐ GÓÐA SEM NÝTT ÁR
HEFUR UPP Á AÐ ÞJÓÐA!

„You jump, I jump, right?“
Rose, Titanic (1997).

TÖLVULEIKUR

LittleBigPlanet
Karting

MMMMM

Tegund:

Kartleikur

PEGI merking: 7+

Útgefandi:

Sony Computer

Dómar:

7 af 10 – Gamespot

5 af 10 – IGN.com

6 af 10 – Eurogamer.net

Sekkur undir stýri

Sackboy eða Sekkurinn er aðalsöguhetja LittleBigPlanet-leikjanna, en þeir ganga allir út á að búa til sín eigin borð og persónur, deila þeim með öðrum í gegnum netið og spila svo frá sér allt vit. Nýjasti leikur seríunnar LittleBigPlanet Karting inniheldur þetta allt, nema hvað nú fer allt fram í farartækjum þar sem sekkurinn er mættur undir stýri og er sá hressasti í þessum skemmtilega kartleik.

Söguþráður leiksins er ekki á leiðinni að vinna til neinna bókmenntaverðlauna en hann gengur út á að illar verur eru á þeytingi um sólkerfið og þarf Sekkurinn að vinna þær í hinum ýmsu keppnum, en samtals telur söguþráðurinn hátt í 30 brautir og svæði sem leikmenn þurfa að vinna.

En sem betur fer er það ekki söguþráðurinn sem þessi leikur gengur út á heldur er það að búa til sínar eigin brautir, farartæki, ökumenn og svæði (Battle Arena). En leikurinn er stúfúllur af tækjum og tölum sem auðvelda leikmönnum að búa til allt sem hugurinn gírnist og takmarkast það í raun bara af eigin ímyndunaraflí. Þessi hluti leiksins tryggir að hann sé nánast endalaus, því það eru alltaf ný borð sem hægt er að hlaða niður og eru þau mjög vönduð og skemmtileg í spilun.

Leikurinn spilar eins og hefðbundnir kart-leikir og virkar hann mjög vel í alla staði. Leikmenn geta keyrt um á hefðbundnum kartbrautum, barist með vopnum á svokölluðum Battle Arenas og hoppað og skoppað um hefðbundin LittleBigPlanet-borð. Allt að fjórir geta spilað saman og keppt á einni tölvu og svo geta leikmenn keppt við fleiri í gegnum netið.

Grafík leiksins er mjög góð og í takt við aðra LittleBigPlanet-leiki. Allt er mjög vinalagt og fallegt í þessum heimi, enda hentar leikurinn vel öllum aldurshópum.

LittleBigPlanet Karting er einstaklega hentugur í góð parti og þar sem halda þarf uppi góðu stuði, enda er hann endalaus uppspretta fjörs og fjölbreytileika. Ég mæli hiklaust með honum og er leikurinn í raun einn besti kartleikur sem ég hef komist í og hef ég keyrt í þá nokkra. Sekkur úti míri, sest undir stýri og úr því verður mikið ævintýri.

ÓLAFUR ÞÓR
JÓELSSON

MONITOR

LUMAR ÞÚ
Á GÓÐUM
HUGMYNDUM?

...fyrir blaðið og MonitorTV

monitor@monitor.is



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Sinister

Myndin segir frá rithöfundinum Ellison Oswald sem hefur sérhæft sig í að skrifa sakamálasögur sem eru byggðar á sönnum atburðum. Til að fá innblástur fyrir næstu bók sína flytur hann með fjölskyldu sína í hús þar sem hroðalegir atburðir gerðust fyrir nokkrum árum, þegar fjórir af fimm manna fjölskyldu voru myrtir. Fljótlega eftir flutninginn fer Ellison að

Leikstjóri: Scott Derrickson.

Aðalhlutverk: Ethan Hawke, Vincent

D'Onofrio, James Ransone og Clare Foley.

Lengd: 110 mínútur.

Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.

Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Keflavík og Akureyri.

gruna að þetta fjölskyldumorð tengist öðrum eldri morðum sem framin voru á svæðinu og ekki nóg með það heldur fer hann einnig að gruna að morðinginn sjálfur leiki enn lausum

hala í nágrenninu. Þegar Ellison finnur gamla 8mm sýningarvél uppi á háalofti hússins ásamt nokkrum filmum fer í gang skelfileg atburðarás.

VILTU
VINNA
MIÐA?

facebook.com/monitorbladið



KVIKMYND

Hnefasamlokur og hlátrasköll

Þrátt fyrir vandræði í einkalífnu virðist Tom Cruise ekki ætla að slá slöku við þegar kemur að kvikmyndaleik og fagna því eflaust margir. Í þessari nýjustu ræmu sinni kynnist áhorfandinn herlögreglu að nafni Jack Reacher og sá grjótharði nagli kallar ekki allt ömmu sína. Reacher flækist á milli borga og staldrar sjaldnast við á sama staðnum lengi en þegar hann kemst á snoðir

um að eitthvað sé gruggugt í morði á fimm einstaklingum sem framið var af hermanni, getur hann ekki setið á sér.

Fyrir þá sem sáu Knight and Day með Cruise í aðalhlutverki er kannski erfitt að gera greinarmun á því hvort hér sé á ferðinni sami



JACK REACHER

HJÁLMAR
KARLSSON

MMMMM



karakter og í Reacher. Þrátt fyrir að kvikmyndirnar tengist ekki á neinn hátt leikur hann hér nákvæmlega sömu týpunu sem er ótrúlega klár, fyndin og getur lamið sig út úr öllum aðstæðum. Þessi týpa virðist virka vel fyrir Tom Cruise í seinni tíð, en margar senur í Jack Reacher upphófu mikil hlátrasköll frá salnum og voru mínir kvikmyndaförunautar sáttir með Cruise í þetta skiptið.

Fyrir þá sem ekki vita þá er myndin byggð á skáldsagnabálki um fyrrnefndan mann og hafa, þegar þetta er skrifað, verið gefnar út 16 bækur um Reacher. Í bókinni er honum lýst sem næstum 2 metra háum og er því frekar kómískt að Cruise hafi orðið fyrir valinu á leikara.

Kvikmyndin sem slík er frekar stöðluð og formúlukenn en það er líka allt í lagi því hasarinn, húmorinn og töffaraskapurinn í okkar manni nærir alveg. Það er ekki vert að minnast á fleiri leikara myndarinnar, þó svo að þeir standi sig með ágætum, þar sem Cruise ber hana á herðum sínum eins og hún leggur sig. Jack Reacher mæli ég með fyrir alla sem vilja horfa á einn fremsta hasarmyndaleikara í heimi skemmta sér.

**PSY GÓÐUR
Á ÞVI**

TÓNLIST
FREYR ÁRNASON



Tvöþúsund og tónlist

Árið tvöþúsundogtölf var ansi gott tónlistarár hér á klakanum en hvernig var það úti í hinum stóra heimi? **Freyr Árnason** tók saman nokkra skemmtilega punkta um nýliðið ár.



PLÖTUSAMNINGUR ÁRSINS

Chief Keef var með fullt af samningstilboðum á borðinu og hans leið til að gera upp á milli þeirra var að gúgla nöfn fyrirtækjanna. Þegar hann sá að 50 cent og Eminem voru á mála hjá Interscope ákvað hann að semja við það fyrirtæki. Algerlega óháð innihaldi samningsins.



BÖRUNN ÁRSINS

Kanye West barnaði víst Kim Kardashian á árinu sem var að líða. Slæmar fréttir þar sem hr. West á að búa til tónlist en ekki börn.



GJALDÞROT ÁRSINS

Young Buck, fyrrum meðlimur G-unit, þurfti endanlega að skila lykluum að mansioninu og Bentleynum þetta árið þrátt fyrir að hafa halað inn milljónum dollara frá árinu 2003.



MEÐLAGSGREIÐSLUR ÁRSINS

Söngkonan Kelis og rapparinn Nas skildu á árinu. Fór Kelis þá fram á heldur ríflegar meðlagsgreiðslur, fyrir utan afborganir af húsi og allan kostnað dóttur þeirra fór hún fram á 2 milljónir króna mánaðarlega í persónulega afþreyingu.



OPINBERUN ÁRSINS

Á Tumblr-síðu sinni stuttu fyrir útgáfu Channel Orange opinberaði Frank Ocean að hann hefði 19 ára gamall orðið ástfanginn að öðrum manni. Út úr skápnum kom hann og tók með sér eina af betri plötum síðasta árs í leiðinni.



BESTU FRÉTTIR ÁRSINS

R. Kelly gaf það út að hann ætlaði að gefa út aðra seríu af RnB-sápuóperunni Trapped in the closet.



HÖFUNDARRÉTTABROT ÁRSINS

Þegar Drake fann upp YOLO hér um árið datt honum ekki í hug að það yrði að milljóna-iðnaði árið 2012. Þetta miður skemmtilega slangur er nú prentað á fót, notað í auglýsingar og guð má vita hvað. Nú hefur Drake snúið vörn í sókn og heimtar peninga frá hverjum sem hefur hagnast á því.




ÞIENDURTEKIN FRÉTT ÁRSINS

Chris Brown og Rihanna vinna þarna. Eftir að hr. Brown ákvað að berja hana hér um árið hafa endalausar fréttir af sambandi og ekki sambandi þeirra haldið áfram. Á árinu 2012 tókst þeim að byrja og hætta saman í fjölmiðlum óeðlilega oft.



ENDURKOMA ÁRSINS

Í boði Dr. Dre mætti Tupac Shakur aftur til leiks á Coacharella-tónlistarhátíðinni. Hann sjálfur var þó ekki á svæðinu heldur tölvugerð heilmýnd sem kostaði á bilinu 100.000 til 400.000 dollara.



NÆSTUM ÞVI SLAGUR ÁRSINS

Drake og Chris Brown köstuðu flöskum á skemmtistaði í New York á árinu sem var að líða. Hnefaleika-skipuleggjendur voru ekki lengi að átta sig og buðu hvorum fyrir sig milljónir dollara gegn því að útkljá sín mál í hringum. Þeir voru báðir nokkuð heitir fyrir því en ekkert varð úr, enda örugglega ömurlegur slagur.



ÞAÐ SEM FYLGIR OKKUR VONANDI EKKI INN Í 2013

Gangnam Style með Kóreubúanum Psy. Ekkert við Psy sjálfan að sakast en ef Guð er til mun þetta lag aldrei aftur heyrast.



MINNST FRÆGA ÚTLENSKA CELEBÍÐ A ÍSLANDI

Margir frægir komu til Íslands á síðastliðnu ári en minnsti spámaðurinn þar er klárlega Sean Lennon, sonur Jóns Lennon og Yoko Ono. Hann tróð reyndar ekki upp í þetta skiptið og var einungis í för með móður sinni.



HVERSDAGS

JAKKI: EPISODE
SKYRТА: GALLERY17
SKÓR: GS
BUXUR: DR.DENIM

SKÓLA DRESS

JAKKI: MONKI
LEGGINGS: TOPSHOP
BOLUR: TOPSHOP
SKYRТА: TOPSHOP
SKÓR: DR.MARTENS



Sjúk í skyrtur

Stíllinn fékk Sólveigu Ásbjörnsdóttur Breiðhýlting og nema við Fjölbrautaskólann í Garðabæ í fyrstu heimsókn ársins 2013. Sólveig er á textílbraut í FG og hefur mikinn áhuga á tísku. Hér sýnir hún okkur það besta sem fataskápurinn hennar hefur upp á að bjóða.

Hver er Sólveig?

Átján ára fátækur námsmaður úr Breiðholti. Ég er á textílbraut í FG og aðaláhugamál mín eru svefn og matur. Ég kík á snjóbretti þegar færi gefast til og ég er afsþymu lélegur söngvari.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?

Mjög afslappaður, myndi ég segja. Það fer rosalega eftir skapi í hverju ég er. En ég er skyrtusjúk og eru víðir bolir, skyrta og svartar buxur einkennisbúningur minn.

Svo er alltaf gott að skella á sig húfu og fela sig á bakvið gleraugun.

Hefur þú mikinn áhuga á tísku?

Já, þar sem ég er að læra fatasaum er maður alltaf eitthvað að skoða. Look-book.nu finnst mér frábær síða þar sem allskonar stílar og götulook eru saman komin.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Hérna heima er klassík að fara í tops-hop, Gallerí 17 og second hand-búðir. Síðan finnst mér Morrow mjög næs búð! Erlendis er það þetta klassíska: H&M, Gina, Monki o.fl.

Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku?

Klárlega haustið þegar dekkri litir, yfirhafnir, töff skór og fylgihlutir koma

sterkir inn. Síðan er sumarið alltaf skemmtilegt þegar maður getur rokkað lítinn klæðnað og enginn sér neitt athugavert við það.

Hvað er ómissandi að eiga í fataskápnunum í vetur?

Pels, loð, loðvesti, prjónapeysa, dr.martens og timberland-skór.

Hver hafa verið þín verstu tískumistöð?

Að sjálfsögðu tók ég skinkutímabil, en það entist ekki lengi vegna húðlitar. Fermingardressið var hræðilegt, en það versta var þegar ég taldi mig vera strák og ég gekk í ÍR-jogginggalla nánast daglega í 2 ár.

Hver er best klædda kona í heimi?

Olsens-systurnar eru alveg með þetta og Blake Lively stigur varla feilsþor.

Hvað er skemmtilegt á döfnni hjá þér árið 2013?

Tjaa, ósköp lítið. Skóli, vinna og þetta hefðbunda en svo er planið að skella sér í sólarlandafærð með vinkonunum í sumar.

Ef þú yrðir að fá þér húðflúr, hvernig húðflúr myndir þú fá þér og hvar?

Ég hef verið á leiðinni að fá mér tatto í langan tíma. Ættarnafnið mitt Tausen verður fest á líkama minn á næstu vikum.



UPPÁHALDS

JAKKI: GYLLTIKÓTTURINN
BUXUR: DR.DENIM
SKÓR: CONVERS
SKYRТА: VILA
HÚFA: EXTRA KRINGLUNNI.



SPARI

SKÓR: BIANCO
KJÓLL: H&M
PELS: ERFDAGRIPUR

Myndir/Árn Sæberg



Stjörnustríð

Zoe Saldana vs. Olivia Palermo

Þessar tvær gullfallegu konur gera sjaldan feilsþor þegar kemur að tísku. Hér eru þær í fallettri kápu frá Old Navy sem klæðir þær báðar einstaklega vel. Olivia fær þó vinninginn í þetta sinn fyrir rúllukragabolinn og leðurbuxurnar sem rokka heildarútlitið örlítið upp.

Rihanna vs. Stella McCartney

Þetta dress er eftir Stellu sjálfa og klæðist hún því með mikilli sæmd. Rihanna hefur verið þekkt fyrir að taka áhættu í klæðaburði og er þetta engin undantekning. Það er hins vegar erfitt að úrskurða sigurvegara hér því dressið býður ekki upp á fjölbreyttar útfærslur svo þetta endar í jafntefli.

Vanessa Hudgens vs. Alessandra Ambrosio

Skvísurnar eru sjóðandi í þessum svarta For Love & Lemons-kjól. Vanessa er með svarta hárið liðað og í lágum svörtum stígvélum við kjólinn sem gerir heildarútlitið svolítið einsleitt og dökkt. Alessandra er í opnum hælum og með litla beige-litaða tösku sem lífgar aðeins upp á heildarútlitið.

Katie Holmes vs. Jane Levy

Pennan Holmes & Yang-kjól hannaði Katie sjálf en gegnsæju sokkabuxurnar og skórnir gera ekki mikið fyrir heildarlúkkið hennar. Þáttastjarnan Jane er sæt í kjólnum en það sem skemmir heildarútlitið hennar er gatið í hægri handarkrikanum. Þær ná því hvorugar að lúcka í þessum kjól.



RENDUR
Rendurnar hafa verið vinsælar í langan tíma en þær munu koma sterkari inn núna í ár en síðasta ár. Bæði láréttar og lóðréttar rendur, þykkar og mjóar.

„90'S GRUNGE“
„Grunge“ frá tíunda áratuginum mun koma sterkt inn í ár. Grunge-ið var byrjað að láta á sér bera undir lok síðasta árs og munu vinsældir þess eingöngu aukast á nýju ári.

FÖT



BLÚNDUR
Blúndurnar eiga eftir að vera áberandi í ár. Bæði í kjólum og flikum fyrir finni tilefni en einnig fyrir hversdagslegt útlit.



Heitustu trendin árið 2013

Stíllinn tók saman heitust trendin í fatnaði, förðun og hári fyrir árið **2013**. Hér er brot af því besta sem áhugasamir ættu að hafa auga með.



TAGL
Í hárgreiðslunum verður tagl einna heitast, bæði hátt og lágt tagl og sleikt aftur og stílhreint tagl eða úfíð og frjálst tagl.



TOPPUR
Þykkur og beinn toppur mun einnig koma til með að vera vinsæll í ár í hártískunni. Toppinum fylgir seiðandi lúkk, sem kemur oftast mjög töff út.

HÁR



BYLGJULIÐIR
Bylgjuliðað hárl í 60's-fílingnum mun koma sterkt inn fyrir finni tilefni í ár. Það kemur ein-staklega fallega út í síðu hári. .og er mjög elegant og falleg greiðsla.



FÖRÐUN

ÁBERANDI AUGNHÁR
Með vorinu verður ekki nóg að setja örlítið af maskara á augnhárin. Það þarf að leggja áherslu á augnhárin og þau þurfa að vera áberandi. Klesst augnhár verða áberandi.



RAUÐAR VARIR
Á seinni hluta síðasta árs voru dökkar varir allsráðandi. Nú með nýju ári mun fagurrauði liturinn koma aftur inn.



ÝKTUR EYELINER
Katta-eyelinerinn var mjög vinsæll á síðasta ári og það mun ekkert breytast í ár. Hins vegar eru að koma nýjar og ýktari útfærslur af honum fyrir þetta árið.

ÚTSALAN ER HAFIN

40%
afsláttur
af öllum útsölskóm

gs skór

Kringlunni - Smáralind
s. 512 1760 - s. 512 7700
ntc.is - erum á [facebook](#)

ELEMENTARY

Elementary hefst á þriðjudaginn kl. 22:00



SKJAREINN



NÝJASTA ÆÐIÐ Í SJÓNVARPI!

Sherlock Holmes hefur aldrei verið snjallari og **Watson** aldrei verið á jafn háum hælum!